

Að verða tíu ára

Í þessum dálkum Öldungaeildarinnar hefur mörgum orðið fortíðin hugleikin, jafnt nær sem fjær, sumir hafa greint skemmtilega frá upphafi ferils sem óreyndir lækna- r í héraði, aðrir greint frá þeim umskiptum sem verða á tilverunni við starfslok.

Eftir vangaveltur um efnisval leitaði á mig mynd af stórfjölskyldu minni í föðurætt og þeim gríðarlegu breytingum á tilverunni sem hafa orðið milli kynslóðanna, til dæmis á möguleikunum á að verða tíu ára. Myndin sem hér fylgir sýnir fjórar kynslóðir sem hafa stillt sér upp af



góðu tilefni, 85 ára afmæli langafa míns Magnúsar, en þarna eru einnig afi minn og amma og flestir þeirra afkomendur og tengdafólk. Ég er litli glókollurinn sem veitir gamla manninum athygli, sit í kjöltu föðursystur. Ég lék mér við langafa minn allt þar til hann féll frá á tíræðisaldri, ég þá átta ára og minnst hans vel.

Magnús fæddist skömmu eftir 1860 í uppsveitum Suðurlands en þegar hann og langamma mín, Guðlaug, fædd 1860 í Flóanum, hófu búskap settust þau að í Halldórskotu, einni af nokkrum hjáleigum á Hvaleyri við Hafnarfjörð og eign-

uðust þar flest af sínum sjö börnum. Þau bjuggu þó lengst að Skuld í Hafnarfirði og voru kennd við þann bæ. Magnús stundaði ýmis störf, búskap og sjómennsku. Minntist hann þess oft þegar hann reri á opnum bátum frá Herdísarvík í Selvogi, þá þurfti stundum að ganga Selvogsgötuna til Hafnarfjarðar til að sækja beitu og bera hana á bakinu aftur í verið í Herdísarvík. Langamma mín, kona Magnúsar, var ein sjö systkina. Þegar hún var fjögurra ára gömul komst fjölskyldan í þrot, lenti á sveitinni og langamma fór sem niðursetningur á nálægan bæ. Bónd-

anum þar voru greiddir 240 fiskar á ári til upphalds hennar.

Þegar langafi og langamma fæddust áttu þau einungis um 60% líkur á því að ná 10 ára aldri. Afi minn og amma sem eru á myndinni fæddust um 1890 og áttu alla sína ævi í Hafnarfirði, eignuðust 13 börn og af þeim náðu 12 fullorðinsaldri. Afi og amma áttu um 80% líkur á að verða 10 ára gömul. Lífslíkur barna höfðu á einni kynslóð batnað sem þessu nam, þrátt fyrir afar takmarkaða heilbrigðisþjónustu, einungis var bólusett fyrir bólusótt, engar aðrar bólusetningar,



Sveinn Magnússon
læknir

engin sýklalyf og afar takmarkað aðgengi að læknum. Á þessum árum var veðráttta hörð, miklir kuldaflar og fólk leitaði betra lífs í Vesturheimi í stórum hópum. Líkurnar á að ná 10 ára aldri höfðu engu að síður aukist um 20%.

Svo kemur að þeim kæru foreldrum mínum, sem bæði fæddust á hinu merka ári 1918, ári frostaveturs, Kötlugoss, spænsku veikinnar og fullveldis. Áfram var einungis bólusett fyrir bólusótt, engin sýklalyf voru til og allt kringum þau deyr fólk enn úr holdsveiki og berklum, svo ekki sé talað um spænsku veikina, sem felldi Svein, ársgamlan bróður móður minnar, mánuði fyrir fæðingu hennar. Engu að síður höfðu líkur nýfæddra barna á þessum tíma til að ná 10 ára aldri aukist í um 90%.

Svo kemur að litla glókollinum, sem á myndinni er tæpra tveggja ára. Líkurnar á að hann, ég, næði 10 ára aldri voru vel yfir 95%.

Þessar fjórar kynslóðir á myndinni upplifa að ungbarnadauði á Íslandi fer úr því að vera einn sá hæsti í vestrænum heimi í það að vera einn sá lægsti í veröldinni. Stærsti hluti þessarar breytingar átti sér stað áður en nútímaheilbrigðisþjónusta bauðst. Stærsti áhrifaþátturinn er án efa minni fátækt, bætt næring, betra húsnæði og betri þekking á hreinlæti. Dapurlegt er til þess að vita að í ýmsum löndum heims ríkir enn í dag það hörmungarástand sem ríkti á Íslandi fyrir fjórum kynslóðum. Margt bendir til þess að víða sé betri tíð ekki í vændum fyrir börn í henni veröld.